



# Deiliskipulag Flóahverfis, Akranesi. Breyting

27. janúar 2020

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að eftirfarandi breyting verði gerð á deiliskipulagsskilmálum Flóahverfis.

	Gildandi deiliskipulag	Breytt deiliskipulag
Breytingar á lóðamörkum, sameining eða skipting	Heimilt er að sameina samliggjandi lóðir ef þörf er á. Þá verða byggingarreitir sameinaðir til samræmis. Sameining lóða telst óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. og 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.	Heimilt er að sameina samliggjandi lóðir ef þörf er á. Þá verða byggingarreitir sameinaðir til samræmis. <b>Einnig er heimilt að skipta lóðum og breytast þá byggingarreitir til samræmis með óbreyttum fjarlægðum frá lóðamörkum. Skipulags- og umhverfisráð ákvarðar breytt nýtingarhlutfall skiptra lóða.</b> Sameining og skipting lóða telst óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. og 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting á skilmálum þessum á ekki við meginatriði deiliskipulagsins. Í henni felast eðlilegir útfærslukostir, sem engin áhrif hafa á aðra landnotkun eða hagsmuni á aðliggjandi lóðum. Breytingin hefur hvorki áhrif á náttúrufar né menningarminjar. Breytingin telst því óveruleg sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Lagt er til að farið verði með breytinguna skv. 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

Deiliskipulagsbreyting þessi var samþykkt með vísan í 2. mgr. 43. gr. og 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í bæjarstjórn Akraness

\_\_\_\_\_ 2020

\_\_\_\_\_  
bæjarstjóri Akraness

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild

Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2019.